

# Úttekt á Betri Reykjavík og Betri hverfum

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála fyrir Reykjavíkurborg  
Janúar 2015

## **Markmið og nálgun**

Í úttektinni skal felast *mat á árangri* verkefnanna með tilliti til upphaflegra markmiða, *mat á helstu efnisþáttum verkefnisins* og *ný stefnumótun* til að efla þáttökulýðræði í Reykjavík.

Verkefninu er ætlað að snerta marga fleti í samskiptum íbúa og borgarinnar enda markmiðið að auka áhrif þeirra á umhverfi sitt og þróa stjórnkerfið þannig að samráð falli sem best að framkvæmdum borgarinnar. Markmið úttektarinnar er m.a. að fá í þessu ljósi eins ítarlega mynd af árangri og áhrifum verkefnanna og kostur er. Henni er ætlað að afla heildarmyndar af verkefnunum og áhrifum þeirra á þáttökulýðræði.

Verkefnið Betri Reykjavík og Betri hverfi hafa verið umfangsmikil í stjórnkerfi borgarinnar og hafa verið til umræðu meðal íbúa og innan borgarkerfis auk þess sem þau hafa vakið nokkra athygli erlendis. Vilji er til að halda áfram á þessari braut en um leið endurskoða verkefnið með tilliti til reynslunnar þannig að hægt verði að skýra og þróa markmið og leiðir og mæta þannig réttmætum væntingum um árangur. Einnig er mikilvægt að skoða hvort þessi tegund af þáttökulýðræði henti áfram eða hvort gera þurfi umfangsmeiri breytingar, annað hvort með áframhaldandi þróun þessara verkefna eða með öðrum leiðum sem kunna að koma til greina.

Rannsóknir benda til þess að vel hafi reynst að beita fjölbreyttum aðferðum fremur en að einskorða þáttökulýðræði einungis við fáar afmarkaðar lausnir. Sömu rannsóknir benda einnig til þess að árangursríkt geti verið að blanda saman rafrænum lausnum og öðrum hefðbundnari eins til að mynda íbúafundum og rýnihópum.

## **Framkvæmd**

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands vinnur úttektina fyrir Reykjavíkurborg samkvæmt samningi þar um.

Reykjavíkurborg leggur til tengilið úr æðstu stjórnsýslu til samráðs um verkefnið á framkvæmdatíma þess og til þess að auðvelda framkvæmdina, t.d. sendir hann starfsfólki sem rætt verður við erindi um að bregðast vel við erindum úttektaraðila.

## **Tími og umfang**

Fyrir liggur áhugi að verkkaupa er að úttektarskýrslu verði skilað í júní 2015. Með hliðsjón af efnismörkun (sjá næsta kafla) er fyrirsjáanlegt að umfang þessara úttektar er töluvert. Að

gefnum forsednum efnismarkana, verkþátta og að vinna hefjist eigi síðar en í janúarmánuði sé um þriggja til fjögurra mánaða vinnu að ræða. Í drögum að verk- og tímaáætlun sem sjá má í töflunni hér að neðan má gera ráð fyrir að úttektarvinna stæði yfir frá janúarlokum fram í miðjan maí en væri að afhendingu og kynningu síðari hluta maímánaðar.

## Verk- og tímaáætlun

Mánuður	Verkþáttur A	Verkþáttur B	Verkþáttur C	Verkþáttur D	Verkþáttur E
Janúar	Rannsóknarsnið				
Febrúar		Gagnaöflun	Viðtöl		
Mars		Gagnaöflun	Viðtöl	Ritun	
Apríl			Viðtöl	Ritun	Yfirlestur
Maí				Ritun	Yfirlestur

## Efnismörkun/verkþættir

Skoða á verkefni Betri Reykjavík og Betri hverfi í heild. Eftirtaldir efnisþættir liggja til grundvallar og gætu orðið efnisatriði í verkáætlun og millifyrirsagnir í skýrslu. Þá má skilgreina nánar í samstarfi aðila.

### 1. Forsendur og réttlætning

- Af hverju samráð við íbúa
- Hlutverk aðila
- Um þáttökulýðræði

### 2. Lýsing verkefnanna

- Skilgreining og markmið
- Ferlar, starfsaðferðir og tæknilausnir
- Framkvæmd samráðsins
  - Við íbúa, samtök þeirra og hagsmunaaðila
  - Aðkoma kjörinna fulltrúa og stjórnkerfis borgarinnar
- Önnur atriði
  - Kynningarmál
  - Kostnaður

### 3. Mat á árangri

- Viðhorf íbúa, kjörinna fulltrúa, samstarfsaðila og stjórnkerfis
- Væntingar íbúa, kjörinna fulltrúa, samstarfsaðila og stjórnkerfis
- Hverjir njóta þjónustunnar?
- Önnur tölfræði

### 4. Lærdómur

- Yfirlit um árangur

- i. Hvað hefur gengið vel (kostir)
- ii. Hvað hefur gengið verr (gallar)

**5. Hvað ber að gera?**

- a. Möguleg stefnumótun og framtíðarsýn
- b. Að verja góðan árangur og endurbæta önnur atriði
- c. Næstu skref (í ljósi 5a og 5b)

## **Verkefnisskil**

Eftirfarandi afurðir verði til við úttektina:

1. Skýrsla sem verði 30 bls. auk viðauka.
2. Kynning á helstu niðurstöðum ásamt mikilvægustu efnisatriðum
3. Önnur gögn sem skilað er við verklok:
  - a. Samningur um verkefnið ásamt mögulegum breytingum
  - b. Lýsing verkefnisins í upphafi, nánari lýsingar og breytingar á verkefninu ef þær eru gerðar
  - c. Yfirlit um kostnað, vinnustundir og reikninga
  - d. Samantekt/skýrsla um framkvæmd verkefnisins
  - e. Rannsóknargögn í ýmsu formi sem verktaki skilar við verklok til varðveislu hjá verkkaupa.

# Efnistöð

Efnisþáttur

## 1. Forsendur og réttlæting

- a. Af hverju samráð við íbúa
- b. Hlutverk aðila
- c. Um þáttökulyðræði

## 2 Lýsing verkefnanna

- a. Skilgreining og markmið
- b. Ferlar, starfsaðferðir og tæknilausnir
- c. Framkvæmd samráðsins
  - i. Við íbúa, samtök þeirra og hagsmunaaðila
  - ii. Aðkoma stjórnmalamanna og stjórnkerfisins
- d. Önnur atriði
  - iii. Kynningarmál
  - iv. Kostnaður

## 3 Mat á árangri

- a. Viðhorf íbúa, kjörinna fulltrúa og stjórnkerfis
- b. Hverjir njóta þjónustunnar?
- c. Önnur tölfræði

## 4 Lærdómur

- a) Yfirlit um árangur
  - i. Hvað hefur gengið vel (kostir)
  - ii. Hvað hefur gengið verr (gallar)

## 5. Hvað ber að gera?

- a. Möguleg stefnumótun og framtíðarsýn
- b. Að verja góðan árangur og endurbæta önnur atriði
- c. Næstu skref (í ljósi 5a og 5b)

Skýrslugerð og frágangur skilaskjala

Samtals áætlun

Rannsóknaraðferð

Heimildir  
Heimildir - rannsókn  
Heimildir

Heimildir, rannsókn  
Eigindl. rannsókn

Eigindl. rannsókn  
Eigindl. rannsókn

Eigindl. rannsókn  
Eigindl. rannsókn

Eigindl. rannsókn, könnun  
Eigindl. rannsókn  
Eigindl. rannsókn

Greining, mat  
Greining, mat

Heimildir, greining, mat  
Greining, rannsókn, mat  
Greining, mat

Tölvuvinna

3 mannmánuðir

## Rannsóknaraðferðir

Heimildavinna (sem er eigindleg rannsókn) er notuð vegna fræðilegra sjónarmiða sem koma fram í úttektinni. Þá verður heimildavinna notuð við mat á árangri við leit í gögnum sem liggja fyrir s.s. úttektir háskólanema og fleiri aðila á Betri Reykjavík og ýmis gögn til samanburðar.

Viðtöl verða tekin við stjórnáamenn og embættismenn hjá Reykjavíkurborg (sem er eigindleg rannsókn) og mögulega aðra (verktaka, fræðimenn) – samkvæmt nánara samkomulagi. Það verður megin aðferðafræðin í úttektinni.

Skoðanakönnun verður gerð til þess að leita að afstöðu almennings. Hana framkvæmir Félagsvísindastofnun HÍ. Um það gæti verið að ræða að taka lagskipt úrtak (hverfi, aldur, kyn), spyrja um 2 bakgrunnsbreytur (menntun og tekjur) og spyrja 6 spurninga eða færri (til dæmis um: þekkir þú, hefur þú notað, ætlar þú að nota, telur þú gagnlegt, hefur þú jákvæða eða neikvæða afstöðu til).